

1. Almennt

Arctic Sea Farm hf., kt. 700807-0450, Sindragötu 10, 400 Ísafirði, sótti um rekstrarleyfi til sjókvíaeldis á 4.000 tonna hámarkslífmassa af laxi í Arnarfirði, þann 16. maí 2019.

Matvælaráðuneyti hefur birt burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar fyrir fiskeldi á Íslandi. Burðarþolsmat Arnarfjarðar er metið 20.000 tonn og heimilar áhættumat erfðablöndunar 20.000 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi í firðinum. Fyrir í Arnarfirði er Arnarlax hf. með rekstrarleyfi fyrir 10.000 tonna hámarkslífmassa og annað fyrir 1.500 tonna framleiðslu í Fossfirði sem er innfjörður í Arnarfirði.

Arctic Sea Farm óskaði eftir þremur eldissvæðum í umsókn um rekstrarleyfi, Trostansfjörð, Lækjarbót og Hvestudal. Matvælastofnun óskaði eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi ár með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu innan 5 km fjarlægðar frá eldissvæðunum. Stofnunin gat ekki tekið af allan vafa um að í Sunddalsá og Norðdalsá í Trostansfirði séu ekki villtir stofnar laxfiska með sjálfbæra nýtingu. Því getur Matvælastofnun ekki tryggt að skilyrðum 18. gr. reglugerðar. nr. 540/2020 sé mætt. Af þeim sökum getur Matvælastofnun ekki heimilað eldissvæðið Trostansfjörð þar sem fjarlægð þess frá áðurnefndum ám er undir 5 km.

Arctic Sea Farm mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á tveimur staðsetningum í Arnarfirði: Sjókvíaeldissvæði B inniheldur eldissvæðið Lækjarbót og sjókvíaeldissvæði C inniheldur eldissvæðið Hvestudal.

Matvælastofnun staðfestir að móttekin eru öll gögn sem stofnunni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 11. október til 8. nóvember 2021 og bárust 7 athugasemdir vegna tillögunnar.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

2.1 Inngangur

Arctic Sea Farm lagði fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 20. mars 2018 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 13. júlí 2020.

Í samræmi við 6. gr. a og b er fyrirhuguð útgáfa rekstrarleyfis byggð á áhættumati erfðablöndunar sem staðfest var af matvælaráðherra, þann 3. mars 2022, og burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar (endurútféfið í febrúar 2022). Með því að stunda sjókvíeldi sem rúmast innan burðarþolsmats og áhættumats, sem og að notast við eldisbúnað sem stenst ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er verið að stuðla að ábyrgu fiskeldi sem tryggir verndun villtra nytjastofna og kemur í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra.

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila var gerð grein fyrir valkostum. Fjallað var um núllkost, staðsetningar, umfang framleiðslu, tegundir laxfiska, ófrjóan eldislax, lokaðar eldiskvíar, úthafskvíar og landeldi. Matvælastofnun telur að valkostagreining sé fullnægjandi. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér matsskýrslu fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sem og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Framkvæmdaraðili óskaði eftir eldissvæðunum Trostansfjörður, Lækjarbót og Hvestudal.

2.2 Ástand sjávar

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að styrkur og stefna hafstrauma sé grundvöllur fyrir staðsetningu sjókvía, lágmarki umhverfisáhrif eldis og auki heilbrigði eldisfiska. Fyrirhugað er 20.000 tonna eldi í Arnarfirði á vegum Arctic Sea Farm og Arnarlax en fyrir er Arnarlax með heimild til framleiðslu á 11.500 tonnum af laxi í firðinum. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar telur Skipulagsstofnun að gæta þurfi vel að staðsetningu eldissvæða til að lágmarka umhverfisáhrif á súrefnisbúskap fjarðarins. Matvælastofnun telur að huga þurfi vel að staðbundinni ofauðgun sjávar og að huga þurfi vel að uppsöfnun úrgangsefna í djúpsjávarlagi í Arnarfirði en með vöktun samkvæmt vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar sé áhættan takmörkuð enda hægt að bregðast skjótt við, m.a. með minnkaðri fóðrun eða hún stöðvuð tímabundið verði vart við uppsöfnun úrgangsefna. Áhrifin verði því tímabundin og afturkræf.

2.3 Lífrænt álag, botndýralíf og kalkpörungar

Skipulagsstofnun álitur að áhrif vegna uppsöfnunar lífræns úrgangs á sjávarbotn verði talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði undir og nærri eldisstað. Fjær verði áhrifin nokkuð neikvæð til óveruleg. Áhrifin verði þannig staðbundin og ráðist af umhverfisaðstæðum á hverjum stað, svo sem dýpi, bratta og straumum, en eru afturkræf að hluta við hvíld eldissvæða eða alveg verði eldinu hætt. Matvælastofnun telur mikilvægt að eldissvæði séu hvíld milli eldislota samkvæmt starfsleyfi Umhverfisstofnunar ásamt því að tilhögun eldis verði stýrt af raunástandi botndýralífs.

2.4 Erfðablöndun við villta laxastofna

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að fyrirhugað eldi Arctic Sea Farm komi til með að hafa nokkuð neikvæð áhrif á villta laxastofna á Vestfjörðum. Hins vegar hafi áhættumat verið bundið í lög og því ljóst að eldi á frjóum laxi verður ekki umfangsmeira en áhættumat segir til um. Því telur Skipulagsstofnun að samlegðaráhrif eldis Arctic Sea Farm í Arnarfirði og annars eldis á Vestfjörðum verði óveruleg á þær ár sem áhættumatið tekur tillit til en sé horft til allra laxastofna á Vestfjörðum telur Skipulagsstofnun að samlegðaráhrifin verði talsvert neikvæð. Þegar litið er til samlegðaráhrifa þá er burðarþol á Vestfjörðum 82.500 tonn og áhættumat erfðablöndunar 64.500 tonn. Útgefin rekstrarleyfi í sjókvíaeldi á Vestfjörðum er fyrir 59.500 tonna hámarkslífmassa, þar af 52.300 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi. Umsóknir liggja fyrir eldi á 18.000 tonna hámarkslífmassa af laxi á Vestfjörðum.

Skipulagsstofnun telur að við veitingu rekstrarleyfis þurfi að setja skilyrði er varða notkun ljósastýringa, hámarksstærð netmöska í kvíum og að lágmarksstærð útsettra seiða verði 120 gr. Matvælastofnun bendir á að skilyrði um notkun ljósastýringa, seiðastærð og möskvastærð kemur fram í rekstrarleyfi, þar með talið að ekki verði sett út léttari seiði en 120g. Rekstrarleyfishöfum er skylt að skila inn gæðahandbók fyrir útgáfu rekstrarleyfa sem er yfirfarin í reglubundnu eftirliti fiskeldisfyrirtækja. Samkvæmt viðauka III í reglugerð nr. 540/2020 skal þjálfar starfsmenn fiskeldis m.a. í vörnum og viðbrögðum gegn stroki. Jafnframt skal vera viðbragðsáætlun um stök og tjón á búnaði, auk viðbragðsáætlunar vegna fávíðris. Þar skal koma fram markmið, ábyrgð, framkvæmd, tíðni eftirlits, viðmiðanir, úrbætur og skráning.

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin ákvörðun um að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis þó þannig að ávallt verði þess gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskistofna og að nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Í löggjöf um fiskeldi hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Markmið laganna er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og er sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi og til verndunar á villtum laxastofnum friðað tiltekin

svæði og bannað eldi laxfiska í sjókvíum sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsingu nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Arnarfjörður.

2.5 Fisksjúkdómar og laxalús

Skipulagsstofnun tekur undir sjónarmið Matvælastofnunar og álitur að litlar líkur séu á að fyrirhugað eldi Arctic Sea Farm komi til með að bera bakteríu- eða veirusmit yfir í villta laxfiska. Áhrif framkvæmdarinnar á villta fiska með tilliti til sjúkdóma af völdum örvera séu því metin óveruleg í vistkerfi Arnarfjarðar. Matvælastofnun hefur bent á að áhætta af dreifingu sjúkdóma, annarra en laxalús, úr eldisfiski í villtan fisk sé hverfandi lítil, jafnvel þó fiskur sleppi. Mesta hættan við dreifingu sjúkdóma sé bundin við smitdreifingu með eldisbúnaði og flutningi á smituðum eldisfiski, en bendir jafnframt á að þar séu aðrir eldisfiskar í mestri hættu líkt og í öðrum hjarðbúskap þar sem mörgum einstaklingum er haldið á afmörkuðu svæði. Það er því brýnt að eldisstöðvar hafi yfir öflugum smitvörnum að ráða og innra eftirliti og forvörnum sé sinnt í takt við lögbundnar kröfur um fiskeldi.

Matvælastofnun byggir sína afstöðu á að áratuga reynsla hefur sýnt að smit af völdum baktería eða veira hafi ekki skaðað eða ógnað villtum laxfiskastofnum og að ekki sé óalgengt að dulið og náttúrulegt smit örvera sé til staðar í villtum stofnum án þess að sjúkdóms verði nokkurn tíma vart með klíniskum einkennum. Þannig hafi þekktir og alvarlegir veirusjúkdómar, s.s. blóðporri (ISA), brisdrep (IPN), brisveiki (PD), hjartarof (CMS), veirublæði (VHS), hjarta- og vöðvabólga (PRV/HSMI) og iðradrep (IHN), ekki sést í klínískri mynd í náttúrulegu umhverfi, jafnvel þó að dulið veirusmit leynist í hjörðinni. Þó eru dæmi um að bakteríusýkingar hafi komið upp sem klínískur sjúkdómur og ollið tímabundnum búsjfjum í ám. Má af því tilefni vísa til kýlaveikinnar sem kom upp í Elliðaánum síðla sumars 1995. Þess má geta að kýlaveiki (af völdum *Aeromonas salmonicida* spp. *salmonicida*) hefur ekki komið upp í íslensku fiskeldi og þótti á sínum tíma ljóst að smit í Elliðaánnar hefði borist með villtum laxi frá fæðustöðvum í hafi. Slíkir atburðir eru einnig þekktir erlendis, en það sem er sameiginlegt með þessum tilfellum er að þau eru tímabundin og afturkræf. Í ljósi þessa vill Matvælastofnun undirstrika að áhætta af dreifingu mögulegra sjúkdómsvalda (öðrum en laxalús) úr eldisfiski í villtan fisk er hverfandi lítil og áhrif framkvæmdarinnar því óveruleg.

Þá nefnir Skipulagsstofnun að með hliðsjón af reynslu síðustu ára sé líklegt að laxalús og fiskilús eigi eftir að koma reglulega upp í eldi Arctic Sea Farm í Arnarfirði. Umfang smits muni þó hverju sinni ráðast af umhverfisskilyrðum og virkni mótvægisáðgerða. Skipulagsstofnun telur því líklegt að fyrirhugað eldi komi til með að auka laxalúsaálag á þá stofna laxfiska sem finna má í firðinum. Stofnunin telur því áhrif af völdum laxalúsar og fiskilúsar geti orðið nokkuð neikvæð á villta laxfiskastofna í firðinum í heild sinni og að líklegt sé að áhrifin verði breytileg frá ári til árs og velti á umfangi smits í eldiskvíum hverju sinni. Með hliðsjón af staðsetningu eldisvæða megi búast við að áhrif gæti einna mest hjá fiskum í ám sem renna í Trostansfjörð. Þá metur Skipulagsstofnun það svo að með auknu fiskeldi í Arnarfirði og á Vestfjörðum almennt eigi smitleiðum eftir að fjölga sem leitt geti til aukinna líka á mögnun lúsasmits í og við eldiskvíar. Það er mat Matvælastofnunar að áhrif laxalúsasmits á villta laxfiska séu að öllu jöfnu ekki mikil. Helst er hættu á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska af völdum laxalúsar þegar seiði ganga í sjó að vori, en verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Reynslan hefur einnig sýnt að sjávarhiti á Vestfjörðum að vori er mjög óhentugur fyrir viðkomu laxalúsar og það dregur úr líkum á að útgönguseiði verði fyrir neikvæðum áhrifum á leið sinni til sjávar. Matvælastofnun tekur undir þau sjónarmið að fyrirbyggjandi aðgerðir á borð við notkun hrognkelsa geti minnkað líkur á að laxalús nái útbreiðslu. Reynslan hefur með afar skýrum hætti sýnt fram á náttúrulegt notagildi hrognkelsa sem með öflugum hætti halda niðri laxalúsastofni í sjókvíum, bæði á Vestfjörðum og hjá nágrennaríkjum. Þá tekur Matvælastofnun í sama streng með tilliti til mikilvægi þess að vakta og meta lúsasmit á þeim árstíma þegar aðstæður eru hvað hagstæðastar lúsinni. Mælt er um slíka vöktun í ákvæði 49. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi. Í þessu sambandi má benda á að þann 1. nóvember 2021 tóku gildi breytingar á nefndri reglugerð nr. 540/2020 og reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðum. Þessar breytingar fela í sér að auk vöktunar á viðkomu sníkjudýra í innra eftirliti sjókvíaeldisstöðva skulu rekstraraðilar starfa samkvæmt viðbragðaáætlun vegna viðkomu sníkjudýra sem háð er samþykki Matvælastofnunar. Sérstaklega er tiltekið í reglugerðunum að viðbragðsáætlunin skuli, auk þeirra atriða sem tiltekin eru í viðauka VI, fela í sér aðgerðir fari meðaltalsfjöldi kynþroska kvenlúsa (með

eða án eggjastrengja) innan viðkomandi svæðis umfram 0,5, 1, 1,5 og 2 á hvern fisk. Þá skal viðbragðsáætlun rekstrarleyfishafa virkjuð þegar meðaltalsfjöldi kynþroska kvenlúsa innan viðkomandi svæðis fer umfram 0,5 á hvern fisk og skal Matvælastofnun tilkynnt um það. Þegar tilkynning um virkjun viðbragðsáætlunar berst Matvælastofnun skal stofnunin meta hvort ráðstafanir rekstrarleyfishafa samkvæmt viðbragðsáætlun nái þeim árangri sem að sé stefnt eða hvort annarra aðgerða en tilgreindar eru í viðbragðsáætlun sé þörf. Rekstraraðili skal einnig tilkynna Matvælastofnun þegar meðaltalsfjöldi kvenlúsa innan viðkomandi svæðis fer umfram 1, 1,5 og 2 á hvern fisk og þá skal Matvælastofnun meta hvort annarra aðgerða en tilgreindar eru í viðbragðsáætlun sé þörf. Matvælastofnun skal leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar áður en ákvörðun um aðgerðir er tekin. Það er því ljóst að eftirlit hefur verið aukið í tengslum við viðkomu sníkjudýra í fiskeldinu með ofangreindum reglugerðarbreytingum. Þá hefur almenn upplýsingagjöf í fiskeldismálum aukist til muna með tilkomu Mælaborðs Fiskeldis sem er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar. Þar er m.a. að finna upplýsingar úr eftirliti stofnunarinnar ásamt yfirliti yfir meðaltalsfjölda kvenlúsa á fiski. Markmið með Mælaborðinu er að auka gagnsæi í starfsemi atvinnugreinarinnar og veita almenningi og hagsmunaaðilum hagnýtar upplýsingar um starfsemina.

Matvælastofnun tekur undir þau sjónarmið Skipulagsstofnunar að ítrekuð notkun vissra lúsalyfja geti mögulega haft neikvæð áhrif á annað lífríki, ekki síst staðbundna rækjustofna. Þá er réttléga áréttað að til þess að fá heimild til notkunar slíkra lyfja þurfi formlega heimild Matvælastofnunar með aðkomu faglegs álits fisksjúkdómanefndar. Einnig er rétt að undirstrika að slíkt leyfi er jafnframt háð jákvæðri umsögn Hafrannsóknastofnunar. Þessi skýra aðkoma opinberra fagaðila að veitingu heimilda til lyfjameðhöndlunar, eða ákvarðana um aðrar ráðstafanir, veita ríkt aðhald og dregur verulega úr hættu á að lyfjanotkun verði viðvarandi ef grunur vaknar um neikvæð áhrif á lífríki Arnarfjarðar. Þess má að lokum geta að á döfinni er rannsóknarverkefni þar sem lyfjapol laxa- og fiskilúsar verður skoðað ofan í kjölinn. Lyfjaónæmi er vaxandi vandamál á heimsvísu, ekki síst með ógætilegri notkun sýkla- og sníkjudýralyfja, og eru yfirvöld áfram um að vakta þessa þróun og koma í veg fyrir slík óheillaskref í íslensku laxeldi.

2.6 Rækju- og bolfiskveiðar

Að mati Skipulagsstofnunar geta sjókvíar og rammafestingar takmarkað aðgengi að veiðisvæðum að einhverju leyti í Arnarfirði, þar sem fyrirhuguð eldissvæði eru að hluta innan helstu veiðisvæða fjarðanna. Stofnunin bendir þó á að eldissvæði eru stærri að flatarmáli en þær eldisþyrpingar sem verða í notkun hverju sinni og því er mögulegt að stunda veiðar innan eldissvæðanna svo lengi sem fjarlægð frá jaðri sjókvíaeldisstöðvar sé a.m.k. 100 . Samlegðaráhrif eldisins með öðru eldi í firðinum geti þó takmarkað aðgengi að einhverju leyti að veiðisvæðum í firðinum. Matvælastofnun bendir á að þar sem um er að ræða kynslóðaskipt eldi þar sem eldissvæðin eru hvíld til skiptis verði áhrifin breytileg eftir því hvaða eldissvæði verða í notkun hverju sinni og þá geti staðsetning eldiskvína innan eldissvæðanna verið breytileg milli eldislota.

2.7 Verndarsvæði og ásýnd

Skipulagsstofnun telur ljóst að auk fyrirhugaðrar framkvæmdar Arctic Sea Farm er eldi í sjókvíum starfrækt eða fyrirhugað í flestum fjörðum Vestfjarðarkjálkans. Eldismannvirki muni því víða blasa við vegfarendum og útivistarfólki þegar horft er til fjarðanna, einkum af fjalli. Stofnunin telur líklegt að samlegð framkvæmdanna muni leiða til nokkuð neikvæðra sjónrænna áhrifa á upplifun gesta sem leið eiga um Vestfirði. Arnarlax hf. er með rekstrareyfi fyrir 10.000t hámarkslífmassa á sex eldissvæðum í Arnarfirði auk rekstrarleyfis fyrir 1.500 tonna framleiðslu í Fossfirði innst í Arnarfirði. Með útgáfu þessa rekstrarleyfis bætist við allt að 4.000 tonna hámarkslífmassi á þremur eldissvæðum í firðinum. Matvælastofnun telur að framkvæmdin muni verða nokkuð neikvæð en tímabundin og afturkræf. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Sjókvíaeldi takmarkast, samkvæmt auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði, við ákveðin svæði á landinu þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvíum er heimilt og er umrætt svæði á Vestfjörðum innan þeirra marka. Ljóst er að mati stofnunarinnar að framkvæmdirnar eru afturkræfar hvað varðar ásýnd.

2.8 Fuglar og spendýr

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að líklega muni fæðuframboð aukast fyrir ýmsar fuglategundir í nágrenni kvía. Þá sé líklegt að fiskur komi til með að sækja í æti við kvíar sem getur þá orðið bráð ýmissa sjófugla og einnig mögulegt að æðarfugl komi til með að leita í krækling á eldisbúnaði. Að mati stofnunarinnar er óvissa um heildaráhrif fiskeldis á fugla í fjörðunum sem og einstaka fuglategundir þar sem aukið fæðuframboð í nágrenni kvía getur haft áhrif á dreifingu fugla innan fjarðar og leitt til staðbundinnar fjölgunar tiltekinna fuglategunda. Þá er nefnt að meðal óvissupátta er möguleg fjölgun máva í nágrenni sjókvía og áhrif þeirrar fjölgunar á aðrar fuglategundir eins og æðarfugl. Að sama skapi er óvissa um hvort fiskeldið muni hrekja fugla frá búsvæðum og hvaða þýðingu það hefur fyrir fuglalíf í fjörðunum. Matvælastofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar geti haft jákvæð áhrif á sumar tegundir fugla með tilliti til fæðuöflunar en áhrifin gætu orðið nokkuð neikvæð á aðrar tegundir ef þær fælast burt vegna framkvæmdanna. Stofnunin telur að tilefni sé til að sett verði skilyrði um vöktun fuglalífs í nágrenni eldissvæða í vöktunaráætlun Arctic Sea Farm

2.9 Siglingaleiðir

Skipulagsstofnun telur í álitum sínum að tilhögun eldissvæða komi ekki til með að trufla siglingar um Arnarfjörð en fyrir liggur nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 2012-2024 og samkvæmt henni munu eldissvæði ekki hafa áhrif á þekktar siglingaleiðir. Matvælastofnun bendir á að þar sem um er að ræða kynslóðaskipti eldi þar sem eldissvæðin eru hvíld til skiptis verða áhrifin breytileg eftir því hvaða eldissvæði verða í notkun og staðsetningu eldiskvía innan eldissvæðanna hverju sinni. Stofnunin bendir jafnframt framkvæmdaraðila á að skv. 35. gr. rgl. nr. 540/2020 skal skila til Landhelgisgæslu Íslands upplýsingum er varða hnitsetningu ankera og tóga sjókvíaeldisstöðva.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Vesturbyggðar þann 20. janúar 2021. Einnig gaf Matvælastofnun Arctic Sea Farm kost á að koma á framfæri athugasemdum vegna ákvörðunar stofnunarinnar um að víkja frá áður auglýstri tillögu um eldissvæði við Trostansfjörð. Umsögn barst ekki frá Fiskistofu.

Vesturbyggð sendi inn svar þann 29. janúar 2021 þar sem kemur fram að sveitarfélagið hafi ekki forsendur til að meta vistfræði og erfðafræðiáhrif sem leitt getur af starfseminni og muni því ekki veita umsögn.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 11. febrúar 2021, kemur fram að stofnunin telji að með auknum lífmassa í eldi og að fjarlægðir milli eldissvæða óskildra aðila séu í einhverjum tilfellum innan 5 km geti það aukið dreifingu sjúkdómsvalda og lúsa.

Í 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 kemur fram Matvælastofnun skuli tryggja að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaeldi samkvæmt meginviðmiði sé eigi styttri en 5 km miðað við útmörk hverrar fiskeldisstöðvar. Jafnframt kemur fram í 3. gr. reglugerðarinnar skilgreining á fiskeldisstöð sem sé staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki eru nýtt í þágu fiskeldis. Það er því rangt að halda því fram að fjarlægðin mælist milli eldissvæða og hefur Matvælastofnun tryggt að hvergi í Arnarfirði verði fjarlægð á milli fiskeldisstöðva óskildra aðila minni en 5 km.

Matvælastofnun fer eftir 55. gr. viðauka II (framleiðsluskýrsla) og viðauka VI (leiðbeiningar um vöktun á viðkomu sníkjudýra í sjókvíaeldi) í reglugerð nr. 540/2020, en þar er nákvæmlega tilgreint hvaða upplýsingar fiskeldisfyrirtækjum ber að senda stofnuninni og hve oft. Jafnframt er kveðið á um það í 3. mgr. 56. gr. sömu reglugerðar að Matvælastofnun skuli birta opinberlega á vefsíðu sinni samantekt upplýsinga úr framleiðsluskýrslum rekstrarleyfishafa. Þessar upplýsingar eru nú birtar í mælaborði fiskeldis sem er á vefsíðu Matvælastofnunar.

Matvælastofnun óskaði eftir umsögn hjá Hafrannsóknastofnun varðandi 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi sem fjallar um málsmeðferð umsókna. Þar kemur fram að Matvælastofnun skuli tryggja að fjarlægðarmörk frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um eldi laxfiska er að ræða. Í bréfi frá Hafrannsóknastofnun, dags. 18. október 2021, kemur fram að þau eldissvæði sem um ræðir séu við Stapadal, Hvestudal og í Trostansfirði í Arnarfirði. Fyrirhuguð eldissvæði við Stapadal og Hvestudal eru talin utan fjarlægðarmarkna frá ám með nytjastofna en eldissvæðið í Trostansfirði er nærri ósum Sunndalsár og Norðdalsár. Í Sunndalsá er lax ríkjandi tegund en einnig sjóbirtingur og í Norðdalsá er sjóbirtingur ríkjandi. Fiskgengi hluti Sunndalsár er a.m.k. 2,2 km og hefur þéttleiki laxaseiða mælst þar 36,7-247,5 seiði á hverja 100 m². Lauslega megi því áætla að fjöldi gönguseiða laxa sem alast upp í ánni geti verið um 500 á ári. Í ánni er veiði sem nýtt er af landeigendum sem eiga sumarhús á firðinum. Eftir því sem næst er vitað er um þrjá aðila að ræða sem deila með sér veiðinýtingu en ekki er þar starfandi veiðifélag. Samkvæmt upplýsingum er veiði þar nokkrir tugir laxa á ári og vottur af sjóbirtingi. Í Norðdalsá er veiddur sjóbirtingur. Ekki liggur fyrir veiðiskráning úr ánum í veiðibækur. Eldissvæðið í Trostansfirði er innan 5 km fjarlægðar frá ósum Sunndalsár og Norðdalsár. Það er mat Hafrannsóknastofnunar að árnar séu það stuttar að mögulega geti þær ekki borið eiginlega stofna laxfiska til lengri tíma án innstreymis laxfiska úr öðrum ám. Líklega eru laxfiskar ánnar hlutar stofneininga yfirstofna (e. metapopulation) en lög og reglugerðir taka ekki tillit til slíkra tilfella. Þannig gæti yfirstofn lax í Arnarfirði náð til áa líkt og Selárdalsá, Fífustaðadalsá, Bakkadalsá, Litlu-Eyrará og Dufansdalsá en laxaseiði hafa fundist í þeim öllum. Ef slíkt væri tilfellið má telja víst að Sunndalsá og Norðdalsá hefðu að geyma mikilvægar stofneiningar slíkra yfirstofna en það mat byggir á mælingum á seiðapéttleika laxfiska. Hafrannsóknastofnun getur ekki lagt mat á sjálfbærni veiða í Sunndalsá og Norðdalsá vegna skorts á gögnum en veiði hefur ekki verið skráð nema að takmörkuðu leiti.

Vegna umsagnar Hafrannsóknastofnunar telur Matvælastofnun vafa leika á því að í Sunndalsá og Norðdalsá í Trostansfirði séu ekki villtir stofnar laxfiska með sjálfbæra nýtingu og því getur stofnunin ekki tryggt að skilyrðum 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 sé mætt. Af þeim sökum getur Matvælastofnun ekki heimilað eldissvæðið Trostansfjörð þar sem fjarlægð þess frá áðurnefndum ám er undir 5 km.

Arctic Sea Farm mótmælti niðurstöðu Matvælastofnunar um að heimila ekki eldisstöð í Trostansfirði.

Í fyrsta lagi vegna þess að ekki sé lagastoð til íþyngjandi ákvörðunar af þessu tagi. Það er að ekki sé heimild í lögum til setninga ákvæða í reglugerð um staðsetningu fiskeldisstöðva við útgáfu rekstrarleyfa.

- Að almennri reglu binda reglugerðir settar af lögbæru yfirvaldi þá aðila sem um hvert og eitt tilvik sem á við. Á það jafnt við almenna borgara, lögaðila og stjórnvöld. Undirstofnanir, sem fara með framkvæmd einstakra laga, hafa lítið svigrúm til endurskoðunar á því hvort að einstök reglugerðarákvæði hafi lagastoð. Mikið þarf því að koma til svo stjórnvaldi sé stætt á að horfa fram hjá ákvæðum stjórnvaldsfyrirmæla ráðherra, þar með talið reglugerða. Þá verður einnig að líta til þess að ráðherra skal, samkvæmt 21. gr. laga um fiskeldi, setja nánari reglur um framkvæmd laganna, þar með talið um útgáfu rekstrarleyfa.

Í öðru lagi kom Arctic Sea Farm því á framfæri að samkvæmt nefndri umsögn Hafrannsóknarstofnunnar þá sé óljóst hvort að Sunndalsá og Norðdalsá geti yfirhöfuð talist geta borið villta stofna laxfiska og hvort að þar séu stundaðar sjálfbærar veiðar.

- Eins og fram hefur komið, þá er uppi verulegur vafi um það hvort umræddar ár teljist vera þessar bærar að bera sjálfstæða stofna laxfiska. Þá er uppi vafi um það hvort veiðar í ánum séu sjálfbærar. Engu að síður bera öll gögn sem Matvælastofnun hefur undir höndum þess merki að: a) fiskur gangi í árnar, en óljóst er hvort að þar sé um einn sérstakan stofn að ræða, eða hluta yfirstofns, og b) að veiðar séu stundaðar í ánum. Óljóst er hvort þær séu sjálfbærar. Jafnvel þótt ekki sé starfrækt veiðifélag í ánum, eins og vissulega er skylt að gera í hverju vatnakerfi, þá er slíkt félag ekki sjálfstætt skilgreiningaratriði þess að veiðar séu sjálfbærar.

Það er hlutverk Matvælastofnunar að tryggja að fjarlægð fiskeldisstöðva frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu sé eigi styttri en 5 kílómetrar í loftlínu. Eins og rakið hefur verið hefur stofnunin ekki

nægjanleg gögn undir höndum til þess að geta metið að þessum skilyrðum sé uppfyllt og þar með er hætt á því að spjöll verði unnin á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra. Jafnvel þótt að það sé mat Hafrannsóknastofnunar að líklega falli Sunndalsá og Norðdalsá ekki undir ákvæði 18.gr. reglugerðar um fiskeldi, metur Matvælastofnun það svo að þessi vafi sé óásættanlegur, sérstaklega í ljósi þess að unnt er að afla frekari gagna með rannsóknum. Eins og rakið hefur verið í úrskurðum Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, þá ber, eftir atvikum, að líta til laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í 9. gr. þeirra laga er vikið að svonefndri varúðarreglu, sem einnig er ein af meginreglum umhverfisréttarins. Samkvæmt varúðarreglunni geta stjórnvöld ekki vísað til þess að vísindalega þekkingu skorti þegar teknar eru ákvarðanir sem geta haft í för með óafturkræf náttúruspjöll.

Að þessu sögðu, þá vill Matvælastofnun einnig ítreka að það sé mat stofnunarinnar að unnt sé að rannsaka og afla frekari gagna um þessar tvær tilteknu ár. Komi fram ný gögn, eða forsendur aðrar breytist svo nokkru nemi, gæti mat stofnunarinnar breyst.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust athugasemdir frá sjö aðilum á auglýsingartíma. Athugasemdirnar voru frá: Gunnari Erni Petersen framkvæmdastjóra fyrir hönd Landsambands veiðifélaga, Auði Önnu Magnúsdóttur framkvæmdastjóra fyrir hönd stjórnar Landverndar, Finn Magnússyni lögmanni fyrir hönd Ísfélags Vestmannaeyja hf., Jóni Kaldal fyrir hönd The Icelandic Wildlife Fund, Tómasi Guðbjartssyni, lækni og prófessor og eigandi jarðarinnar Andahviltar, Baldri P. Erlingssyni fyrir hönd Arnarlax ehf. og Hákonni Þorra Magnússyni lögfræðingi fyrir hönd Náttúruverndarfélagins Laxinn lífi.

Hér á eftir fylgir úrdráttur úr erindi ofangreindra aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram og tilheyra verksviði Matvælastofnunar.

Landsamband veiðifélaga sendi inn athugasemd þann 8. nóvember 2021

- *Gera athugasemd við að fyrirhuguð framkvæmd Arctic Sea Farm byggist á burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar þar sem ekki hefur verið framkvæmt umhverfismat áætlana, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.*
- *Gerð er athugasemd vegna varúðarreglu 9. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, en þar segir í 1. málslíð ákvæðisins segir: „Þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laga þessara, án þess að fyrir liggji með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum.“ Landssamband veiðifélaga telur ljóst að mengun, laxalús og slysasleppingar með tilheyrandi erfðablöndun, sem ávallt fylgja sjókvíaeldi, séu allt þættir sem munu hafa neikvæð áhrif á náttúruna.*
- *Gerð er athugasemd varðandi að Landssamband veiðifélaga telur að frummatsskýrslan gangi í berhöggi við markmiðsákvæði laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Einkum er vísað til þess að í 1. mgr. 1. gr. laganna segir að markmið þeirra sé m.a. að vernda líffræðilega fjölbreytni og tryggja þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum. Enn fremur segi í c. lið 2. gr. laganna að stefnt skuli m.a. að því að varðveita tegundir lífvera og erfðabreytilega fjölbreytni. Viðmið Hafrannsóknastofnunar um að 4% erfðablöndun sé ásættanleg samræmist ekki þessum markmiðum og stefnu laganna.*

Burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar hefur farið í umhverfismat framkvæmda og áætlana samkvæmt lögum nr. 111/2021 og var staðfest af matvælaráðherra, þann 3. mars 2022. Samkvæmt lögum nr. 71/2008 þá ber Matvælastofnun að fara eftir áhættumati erfðablöndunar og burðarþolsmati við afgreiðslu rekstrarleyfis til fiskeldis. Áhættumat erfðablöndunar er unnið af Hafrannsóknarstofnun og uppfært að lágmarki á þriggja ára fresti, næst árið 2023. Áhættumat erfðablöndunar er samkvæmt lögum um fiskeldi skilgreint sem mat á því magni frjórra eldislaxa sem strjúka úr eldi í sjó og vænta megi að komi í ár þar sem villta laxastofna er að finna og metið er að erfðablöndun eldislax við villta nytjastofna, að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, verði það mikil að tíðni arfgerða villtra stofna breytist

og valdi versnandi hæfni stofngerða þeirra. Markmiðið með áhættumati erfðablöndunar er að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum laxastofnum.

Við afgreiðslu á umsókn Arctic Sea Farm vegna 4.000 tonn af laxi liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 106/2000, og hefur Matvælastofnun kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til matsins og álits Skipulagsstofnunar auk annarra gagna sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Fyrir liggur hvaða áhrif ákvörðunin um leyfisveitinguna hefur á náttúruna, enda er það tilgangur laga nr. 106/2000 og matsins sem unnið er skv. þeim lögum að upplýsa um áhrifin. Af þessum sökum telur stofnunin að ekki skorti vísindalega þekkingu um áhrif framkvæmdarinnar til að taka ákvörðun um útgáfu leyfisins, né að nokkuð hafi komið fram sem hindri útgáfu þess eða bendi til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu alvarleg eða óafturkræf. Einnig hefur verið tekin afstaða til þessa álitaefnis við útgáfu áhættumats erfðablöndunar (dags. 3. mars 2022) en þar segir að markmið áhættumats sé að vernda líffræðilegan fjölbreytileika íslenskra laxastofna. Miðað sé við að þröskuldsgildi á strokulaxi í stofni hverrar laxveiðiár sé undir þeim öryggismörkum sem metin eru örugg svo að fiskeldi geti vaxið á skynsamlegan hátt og í sátt við náttúru og samfélög þar sem uppbygging fiskeldis mun eiga sér stað. Þröskuldsgildi fyrir strokulaxa af eldisuppruna hafa verið sett við 4% í samræmi við mat NINA (Náttúrufræðistofnun) og IMR (Hafrannsóknastofnun) í Noregi um viðunandi mörk. Einnig eru hafðar til hliðsjónar niðurstöður úr líkani IMR um langtímaáhrif mismunandi þröskuldsgilda á laxastofna (ecogenetic model (IBSEM)). Þar er sú niðurstaða fengin að við 5-10% þröskuldsgildi strokufiska sýndu svipgerðar- og stofneinkenni (e. phenotypic and demographic characteristics) aðeins veikar breytingar á 50 árum og eingöngu við mun hærri þröskuldsgildi (30-50%) voru skýrar breytingar sýnilegar. Jafnframt kemur fram að þessi þröskuldsgildi verði endurskoðuð með tilliti til niðurstaðna vöktunaráætlunar eins og segir í áhættumati 2017. Tilgangur hinnar miklu sýnasöfnunar og erfðagreininga nálægt eldissvæðum sé að afla gagna fyrir endurskoðun þröskuldsgilda. Með þessum viðmiðum telur Hafrannsóknastofnun að uppfyllt sé 1. mgr. 1. gr. laga um fiskeldi, nr. 71/2008 um að stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna og að í því skyni skuli leitast við að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

Í löggjöf verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögnum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Arnarfjörður.

Auður Önnu Magnúsdóttir framkvæmdarstjóri fyrir hönd Landverndar sendi inn athugasemd þann 8. nóvember 2021

- *Gerð er athugasemd við að skipulag haf- og strandsvæða hafi ekki verið lokið með fullri aðkomu samfélagsins og það sé ólýðræðislegt að stækka sjókvíeldið á þessum tímamarki. Slík vinnubrögð gagnvart samfélaginu brjóti gegn grundvallarreglum og um jafnræði þegar kemur að jafn stórum málum og hér um ræðir og varðar okkar sameiginlegu auðlindir.*
- *Gerð er athugasemd um að skilyrði sem Skipulagsstofnun setti fram í áliti sínu á umhverfisáhrifum séu ekki tekin með beinum hætti inn í rekstrarleyfið. Landvernd leggur til eftirfarandi skilyrði til viðbótar við skilyrði Skipulagsstofnunar:*
 - *„Varðandi skilyrði 8 úr áliti Skipulagsstofnunar bendum að stærð möskva er ekki eina atriðið sem getur valdið stroki heldur göt á kvíum. Ítrekað hafa fundist slík göt á öðrum kvíum á Vestfjörðum“*
 - *„Skilyrðum um vöktunaráætlanir fyrir laxalús og uppsöfnun úrgangs eins og varðandi súrefnismettun verði bætti við“*

- Gerð er athugasemd um að sjókvíaeldi sé ekki boðleg aðferð við matvælaframleiðslu. Þá er rætt um að opnar sjókvíar séu gróðrarstía lúsa sem þarf að eitra fyrir reglulega. Þá er einnig rætt um aðra alvarlega sjúkdóma eins og hjartavandamál og vansköpun sem valda fiskum þjáningu. Rætt er um að afföll í sjókvíum og að iðnaðurinn geri ráð fyrir að fimmti hver fiskur drepist. Rætt er um að botndýralíf þurrkist út undir kvíum vegna úrgangs og rotnandi fóðurleyfa. Rætt er um notkun lyfja gegn laxalúsa og neikvæð áhrif á rækjustofninn. Jafnframt er bent á að rannsóknir hafi leitt í ljós að flestar ár á svæðinu hafa sína eigin villtu stofna og í nokkrum þeirra er seiðapéttleiki heilbrigður og sjálfbær. Þá er bent á að gæta þurfi að reglu um a.m.k. 5 km fjarlægð sjókvía frá ám.
- Þá er bent á að eldiskvíar verði sýnilegar öllum þeim sem aka um Ketildalaveg og þeim sem ganga út á Vaðalinn við Hvestu en Hvestufjaran sé einstök og hafi mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og þá sem búa í Ketildöllum. Sjókvíarnar muni því spilla útsýni og upplifun þeirra sem vilja njóta náttúru og landslags við Arnarfjörð.
- Bent er á að í áliti Skipulagsstofnunar telji stofnunin að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á botndýralíf, villta laxastofna og ásynd og landslag fjarðarins. Auk þess að stofnunin telji líklegt að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á rækjustofninn ef ítrekað þurfi að nota lyf gegn laxalús. Landvernd spyr því afhverju til standi að veita leyfi þegar svo margt mæli gegn því, hvers vegna þetta sé ásættanlegt og hvenær nóg sé nóg?

Umsækjendur um leyfi skiluðu inn frummatskýrslu til Skipulagsstofnunnar fyrir gildistöku breytinga á lögum um fiskeldi, sem gerð voru með lögum nr. 101/2019. Samkvæmt bráðabirgðarákvæði II laga um fiskeldi skal fara um slíkar umsóknir eftir eldir ákvæðum laganna. Málsmæðferð Matvælastofnunar er samkvæmt lögum, sem eru sett að undangengnu lýðræðislegu ferli. Ekki er vísað til hvaða grundvallareglum verið sé að fara gegn og því ómögulegt að taka efnislega afstöðu til þeirrar fullyrðingar. Einnig er óljóst af athugasemdinni með hvaða hætti farið er gegn jafnræðisreglum stjórnarskráar og því ekki unnt að svara henni með efnislegum hætti.

Matvælastofnun mun taka athugasemd þessa að hluta til greina og setja skilyrði um mótvægisáðgerðir og vöktun með beinum hætti í útgefið rekstrarleyfi. Innihald rekstrarleyfa til fiskeldis er nákvæmlega tiltekið í lögum um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi. Matvælastofnun er ekki heimilt að bæta við skilyrðum í slík leyfi án þess að fyrir liggi heimild í lögum.

Umsækjendur um leyfi skiluðu inn frummatskýrslu til Skipulagsstofnunnar fyrir gildistöku breytinga á lögum um fiskeldi, sem gerð voru með lögum nr. 101/2019. Samkvæmt bráðabirgðarákvæði II laga um fiskeldi skal fara um slíkar umsóknir eftir eldir ákvæðum laganna. Málsmæðferð Matvælastofnunar er samkvæmt lögum, sem eru sett að undangengnu lýðræðislegu ferli. Ekki er vísað til hvaða grundvallareglum verið sé að fara gegn og því ómögulegt að taka efnislega afstöðu til þeirrar fullyrðingar. Einnig er óljóst af athugasemdinni með hvaða hætti farið er gegn jafnræðisreglum stjórnarskráar og því ekki unnt að svara henni með efnislegum hætti.

Lúsalyf til böðunar dreifast og þynnast hratt við náttúrulegar aðstæður. Lúsalyf sem gefin eru með fóðri helmingast í takt við sjávarhita og niðurbrot fóðurs og úrgangs. Dýralæknar sem ávísu lyfjunum bera höfuðábyrgð á notkun þeirra og í notkunarleiddbeiningum framleiðenda er vel fjallað um umhverfisáhrif og hvernig best sé að haga notkun lyfjanna svo áhrif á umhverfi verði sem minnst. Hafrannsóknastofnun hefur aðalumsjón með rannsóknum á lífríki vatns og sjávar og hefur tvo fulltrúa í Fisksjúkdómanefnd sem er Matvælastofnun til ráðgjafar um aðgerðir gegn laxalús. Hafrannsóknastofnun er einnig umsagnaraðili um aðgerðir gegn laxalús í samræmi við reglugerð nr. 540/2020 og telur Matvælastofnun að þessi aðkoma tryggi að lyfjanotkun sé aðeins gerð á hentugum árstíma og að teknu tilliti til aðstæðna í sjó hverju sinni.

Í löggjöf verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um

umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Arnarfjörður.

Finnur Magnússon lögmaður sendi inn athugasemdir fyrir hönd Ísfélags Vestmannaeyja hf. þann 8. nóvember 2021. Ísfélag Vestmannaeyja er eigandi jarðarinnar Neðri-Dufansdals í Fossfirði, fastanr. 212-4626, og mótmælir útgáfu rekstrarleyfis, m.a. á grundvelli neðangreindra röksemda:

- *Gerð er athugasemd um að Matvælastofnun hafi ekki sinnt rannsóknaskyldu sinni en ekki liggi fyrir afstaða stofnunarinnar til álits Skipulagsstofnunar og því óljóst hvort stofnunin hafi rannsakað álitnið og tekið afstöðu til þess með fullnægjandi hætti. Ísfélagið telji að þó endanleg stjórnvaldsákvörðun hafi ekki verið tekin telji Ísfélagið að slíkur rökstuðningur sem Matvælastofnun ber að sinna, sbr. 10. gr. og 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þurfi að liggja fyrir á þessu stigi málsins, enda getur Ísfélagið tæpast tekið fullnægjandi afstöðu til málsins ef afstaða Matvælastofnunar liggur ekki fyrir. Félagið bendir á að hafi eitthvað mat farið fram af hálfu Matvælastofnunar á fyrirliggjandi gögnum hlýtur því að vera lokið þegar tilkynnt er um fyrirhugað rekstrarleyfi.*
- *Gerð er athugasemd varðandi sýnileika eldiskvía*
- *Gerð er athugasemd um að óvissupættir úr áliti Skipulagsstofnunar hafi ekki verið rannsakaðir sérstaklega, s.s. áhrif fiskeldis á fiskveiðar, hættu á úrgangi í botnlagi sjávar og áhrif á fuglalíf.*
- *Gerð er athugasemd við að framtíðarhorfur rekstrar Arctic Sea Farm hef. hafi ekki verið rannsakaðar af Matvælastofnun, m.a. hvort rekstraráætlun framkvæmdaraðila standist.*

Í 9. gr. laga nr. 71/2008 kemur m.a. fram að Matvælastofnun skuli taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er grein fyrir samræmi milli leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og rökstyðja sérstaklega ef í leyfinu er vikið frá niðurstöðu álitsins. Matvælastofnun skal í greinargerðinni einnig taka afstöðu til tengdra leyfisveitinga þegar tilefni er til ef um það er fjallað í áliti Skipulagsstofnunar. Afstaða Matvælastofnunar til álits Skipulagsstofnunar kemur fram í greinargerð sem fylgir útgáfu rekstrarleyfis til handa Arctic Sea Farm í Arnarfirði.

Í löggjöf verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Arnarfjörður.

Skipulagsstofnun setur skilyrði um mótvægisáðgerðir og vöktun í niðurstöðum sínum til að koma til móts við óvissupætti úr umhverfismati. Meðal annars eru skilyrði um að ekki verði hægt að hefja eldi á ný fyrr en hafsbótin á svæðinu hafi náð ásættanlegu ástandi samkvæmt viðmiðum Umhverfisstofnunar og að í starfsleyfi verði sett skilyrði um vöktun á fuglalífi í nágrenni við eldisstöðvar.

Í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi kemur fram að umsókn um rekstrarleyfi sjókvíaeldisstöðva skuli fylgja áætlun um fjárfestingar í búnaði ásamt staðfestingu á stöðu eigin fjár og eiginfjárhlutfalli umsækjanda þegar umsókn er lögð fram. Eiginfjárhlutfall skal vera að lágmarki 30% að teknu tilliti til fjárfestinga í búnaði samkvæmt áætlun.

Tómas Guðbjartsson, læknir og prófessor, sendi inn athugasemdir þann 7. nóvember 2021. Tómas Guðbjartsson er eigandi jarðarinnar Andahvilftar, neðan Sjöandahvilftar við utanverðan Hvestudal.

- Gerð er athugasemd við fyrirhugaða staðsetningu sjókvía í tillögu að rekstrarleyfi fyrir Arctic Sea Farm fyrir utan Hvestudal, neðan svokallaðra Svörtuhamra. Eldiskvíarnar verði sýnilegar öllum sem aka Ketildalaveg, en hann liggur niðri í fjörunni, en einnig þeim sem ganga út á Vaðalinn við Hvestu. Bent er á að sandfjaran sé einstök og telst til fallegustu staða á Vestfjörðum og mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn sem og íbúa Ketildala og Bíldudals. Þá minni fjaran á Rauðasand en er ljósari og hreinni og sjórinn utan fjörunnar fær sérkennilega grænan lit og utar dökkbláan.
- Gerð er athugasemd um að ásjúnd eldiskerja á þessum stað muni rýra mjög upplifun þeirra sem aka eftir Ketildalavegi, og þá sérstaklega undir Svörtuhömrum, af Vaðlinum og út á nesinu að Hringsdal. Vaðallinn sé vinsælt útivistarsvæði og fjölmargir ganga eftir honum endilöngum og einnig sé hann vinsæll til sjóbaða. Eldisker gætu spillt upplifuninni.
- Bent er á að fiskur sé í Hvestuá innar í dalnum og að meðfram ánni sé myndarlegt æðarvarp. Jafnframt að á steinum skammt undan Svarthömrum megi oft sjá toppskar, líkt og utan við Hringsdal, en tegundin eigi í vök að verjast og að eldisker myndu trufla kjörsvæði toppskarfsins við fjörðinn

Við afgreiðslu á umsókn Arctic Sea Farm vegna 4.000 tonn af laxi liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 106/2000, og hefur Matvælastofnun kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til matsins og álits Skipulagsstofnunar auk annarra gagna sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Fyrir liggur hvaða áhrif ákvörðunin um leyfisveitinguna hefur á náttúruna, enda er það tilgangur laga nr. 106/2000 og matsins sem unnið er skv. þeim lögum að upplýsa um áhrifin. Af þessum sökum telur stofnunin að ekki skorti vísindalega þekkingu um áhrif framkvæmdarinnar til að taka ákvörðun um útgáfu leyfisins, né að nokkuð hafi komið fram sem hindri útgáfu þess eða bendi til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu alvarleg eða óafturkræf.

Í löggjöf verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Arnarfjörður.

Baldur P. Erlingsson sendi inn athugasemdir fyrir hönd Arnarlax ehf. þann 6. nóvember 2021. Arnarlax er með rekstrarleyfi fyrir fiskeldi í Arnarfirði.

- Gerð er athugasemd varðandi það að Skipulagsstofnun byggji álit sitt á matsskýrslu frá 2018 en tillaga Matvælastofnunar byggji á uppfærðri matsskýrslu framkvæmdaraðila frá 15. mars 2019 en skýrslan var einnig uppfærð 10. febrúar 2019. Í álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar kemur fram að framkvæmdaraðili lagði fram matsskýrslu 24. júlí 2018 og að stofnunin staðfesti móttöku þann 25. júlí 2018. Þá leggur Skipulagsstofnun til grundvallar áliti sínu matsskýrslu, dags 23. júlí 2018 en þess er ekki getið að skýrslan sem var lögð fram 24. júlí 2018 hafi verið uppfærð efnislega tvívegis á árinu 2019. Álit Skipulagsstofnunar eins og það er birt byggir því á óuppfærðri matsskýrslu samkvæmt orðanna hljóðan. Ekki komi fram í álit Skipulagsstofnunar í hverju breytingarnar frá 10. febrúar 2019 og 15. mars 2019 séu fólgnar. Arnarlax telur að Skipulagsstofnun beri að gefa álit sitt á endanlegri matsskýrslu framkvæmdaraðila. Þá áréttar Arnarlax að Matvælastofnun geti ekki gefið út rekstrarleyfi á grundvelli uppfærðrar matsskýrslu, dags. 15. mars 2019 þegar slík leyfisveiting byggir á álit Skipulagsstofnunar, sem grundvallast á ófullgerðri matsskýrslu frá 23. júlí 2018 eins og tilgreint sé með skýrum hætti í álit Skipulagsstofnunar og að slík málsmeðferð sé skýrt brot á lögum nr. 106/2000 enda ljóst að eina og sama matsskýrslan skuli liggja til grundvallar áliti

Skipulagsstofnunar um framkvæmdina og leyfisveitingu Matvælastofnunar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi. Sú staðreynd að Skipulagsstofnun nefni í engu þær tvær breytingar og uppfærslur sem gerðar voru á matsskýrslunni sem stofnunin miðar álit sitt við leiðir til þess að ekki sé hægt að byggja á umræddu álit Skipulagsstofnunar. Slík leyfisveiting Matvælastofnunar verður að teljast ólögumæt, ógild og að engu hafandi. Að auki vekur Arnarlax athygli á því að skv. 11. gr. laga nr. 106/2000 skuli Skipulagsstofnun gefur rökstutt álit sitt á því hvort matsskýrsla uppfylli lögbundin skilyrði og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt innan fjögurra vikna frá því að stofnunin tekur á móti matsskýrslunni frá framkvæmdaraðila. Skipulagsstofnun staðfesti móttöku matsskýrslu Arctic Sea Farm þann 25. júlí 2018 en gaf út álit sitt á matsskýrslunni 13. júlí 2020 eða tæpum tveimur árum síðar. Arnarlax telur því að Matvælastofnun geti ekki byggt útgáfu rekstrarleyfis til handa Arctic Sea Farm á útgefnum álit Skipulagsstofnunar frá 13. júlí 2020 enda sé slík leyfisveiting ekki í samræmi við lög.

- *Gerð er athugasemd varðandi leyfilegan hámarkslífmassa Arnarlax í Arnarfirði en í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að auk fyrirhugað laxeldis Arctic Sea Farm í Arnarfirði hafi fyrirtækin Arnarlax og Fjarðarlax nú þegar heimild til framleiðslu á 11.500 tonnnum af laxi í Arnarfirði. Fyrirtækið vill meina að það hafi heimild samanlagt til framleiðslu á 13.000 tonna hámarkslífmassa eldisfisks í Arnarfirði. Samkvæmt framsögðu heldur fyrirtækið því fram að vandtalín hámarkslífmassi í umhverfismati Arctic Sea Farm felur í sér vanmat á umhverfisáhrifum eldisstarfseminnar í firðinum og ekki lokum fyrir það skotið að niðurstaða umhverfismats og mótvægisáðgerðir framkvæmdaraðila hefðu orðið með öðrum hætti ef miðað hefði verið við þann hámarkslífmassa sem Arnarlax telur sig hafa.*
- *Gerð er athugasemd við að gert sé ráð fyrir að eitt eldissvæða Arctic Sea Farm í Arnarfirði, Trostansfjörður, verði staðsett á sjókvíaldissvæði A eins og það er skilgreint í firðinum. Á sjókvíaldissvæði A telur Arnarlax sig hafa heimild fyrir eldi á 13.000 tonna hámarkslífmassa eldisfisks á þremur eldissvæðum, þ.e. Fossfirði, Haganesi og Steinanesi. Verði að framangreindri útgáfu rekstrarleyfis geti þannig eldismagn á sjókvíaldissvæði A farið upp í 17.000 tonna heildarlífmassa. Komi til þess að leyfilegur heildarlífmassi eldisfisk á sjókvíaldissvæði A verði að einhverju leiti takmarkaður af lögbærum yfirvöldum gerir Arnarlax ráð fyrir að sú skerðing eigi sér stað á eldissvæði Arctic Sea Farm í Trostansfirði og nógildandi leyfi Arnarlax í Arnarfirði haldist óbreytt í þessu tilliti.*
- *Þá er gerð athugasemd við það sem fram kemur í álit Skipulagsstofnunar á bls. 5 í kafla 5.4. varðandi náði samstarf framkvæmdaraðila við Arnarlax vegna áforma fyrirtækjanna í Arnarfirði og vakin athygli á því að Arnarlax þekki ekki til formlegs samstarfs um eldisáform í Arnarfirði milli fyrirtækjanna og telur því umrædda fullyrðingu í álitinu ekki rétta.*

Matvælastofnun óskaði eftir upplýsingum frá Skipulagsstofnun þann 28. janúar 2022 varðandi dagsetningu á matsskýrslu sem Skipulagsstofnun hefði lagt til grundvallar í álit sínu. Svör bárust frá Skipulagsstofnun þann 18. Febrúar 2022 þar sem fram kom að matsskýrslan hefði verið uppfærð í nokkur skipti á meðan málsmeðferð stóð yfir. Slíkt væri býsna algengt og eigi sér stað örugglega oftár en ekki. Starfsmanni stofnunarinnar hefði láðst að tilgreina rétta útgáfu í kafla 1.2 Gögn lögð fram. Jafnframt var vísað á rétta matsskýrslu fyrirtækisins á vef Skipulagsstofnunar sem byggja ætti leyfisveitingu á og er hún sú sama og Matvælastofnun hefur byggt leyfisveitingu sína á.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um vörpun framleiðslu í lífmassa fyrir rekstrarleyfi Arnarlax í Fossfirði, en rekstrarleyfið þar heimilart framleiðslu allt að 1.500 tonnnum af laxi árlega, en ársframleiðsla er miðuð við almanaksár. Að auki hefur Arnarlax rekstrarleyfi fyrir 10.000 tonna hámarkslífmassa á laxi í Arnarfirði.

Matvælastofnun barst undirritað samkomulag frá Arctic Sea Farm, þann 6. nóvember 2020, varðandi samstarf Arnarlax og Arctic Sea Farm en þar gera fyrirtækin með sér samning um samstarf fyrirtækjanna á sjókvíaldi á Vestfjörðum. Þar kemur fram að tilgangur samstarfs fyrirtækjanna á Vestfjörðum sé að tryggja gott heilbrigði fiska og lágmarka umhverfisáhrif af eldinu. Arnarlax og Arctic Sea Farm munu í samstarfi við Matvælastofnun vinna að samhæfðri útsetningu, eldis, slátrunar- og hvíldartíma sem og eftirlitsáætlunum, ásamt því að deila upplýsingum um: Sjúkdómavarnir og meðhöndlun á fiski, eldisplön, mælingar er varða sjúkdóma og vöktun laxalúsar. Með samstarfinu verði unnið að samhæfðum vörnum gegn útbreiðslu laxalúsar og stefnt að sjúkdómafríu eldi. Þá kemur einnig fram að svæðið sem samstarfið tekur til hafi verið skilgreint sem suðurfirðir Vestfjarða, þ.e. Patreksfjörður, Tálknafjörður og Arnarfjörður, ásamt Dýrafirði. Á þeim eldissvæðum þar sem fjarlægðir eru innan við 5 km milli eldiskvía eru samstarfsaðilarnir sammála um að eldið verði þar skilgreint sem eitt sameiginlegt árgangasvæði og meðhöndlað sem

slíkt með einu sameiginlegu eldisplani. Undir þessa samstarfsyfirlýsingu skrifa undir, þann 17. Nóvember 2017 á Tálknafirði: Sigurður Pétursson fyrir hönd Arctic Sea Farm hf. og Víkingur Gunnarsson fyrir hönd Arnarlax hf.

Jón Kaldal sendi inn athugasemdir fyrir hönd Íslenska náttúruverndarsjóðsins – The Icelandic Wildlife Fund, þann 8. nóvember og uppfærðar athugasemdir þann 12. janúar 2022.

- Gerð er athugasemd vegna fjölda frávíka Arctic Sea Farm í eftirliti hjá Umhverfisstofnun og mælt með að eftirlit verði hert með fyrirtækinu. Þá er bent á að lífmassi hafi farið umfram leyfileg mörk, notaðar hafi verið eldisnætur litaðar með efnum sem innihalda koparoxíð, hámarkslosun fosfór hafi verið umfram mörk og að ekki hafi verið tekin sjósýni til mælinga í sýnatökum sem skylt er að gera samkvæmt vöktunaráætlun starfsleyfisins.
- Gerð er athugasemd vegna lúsaálags og -meðhöndlunar sem fylgi sjókvíaeldi
- Gerð er athugasemd við að ekki sé áhættumat vegna lúsar og nefnt að einn mesti áhættuþáttur sjókvíaeldis gagnvart umhverfinu sé lús.
- Gerð er athugasemd vegna mengunar sem líkt er við skolpmengun 64.000 manna íbúabyggð.
- Gerð er athugasemd vegna verndar fyrir litla villta laxasofna en bent er á vernd smærri stofna hafi orðið útundan í núverandi umgjörð áhættumats Hafrannsóknastofnunar um erfðablöndun.
- IWF mælist jafnframt til að stöðvuð veðri öll frekari útsetning á eldislaxi í sjókvíar á landsvísu og framhaldið ekki ákveðið fyrr en:
 - Áhættumat erfðablöndunar hefur verið uppfært með vernd minni stofna að leiðarljósi
 - Að Hafrannsóknastofnun hefur gert áhættumat vegna fiski- og laxalúsar
 - Að vöktun með sleppifiski verði bætt verulega, en sérfæðinganefnd ráðherra bendir í úttekt sinni á að henni sé ábótavant
 - Stjórnvöld setji reglur sem verji lífríki fyrir þeirri hættu sem lúsin og meðhöndlun við henni hefur í för með sér
 - Að vinnu við skipulag haf- og strandsvæða á Vestfjörðum sé lokið. Ótækt sé að binda hendur samfélagsins með útgáfu rekstrarleyfis AFS án samráðs við almenning um skipulags eins og lög kveða á um.

Úrgangslausn, vöktunaráætlun og eftirlit með umhverfisþáttum fellur undir starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Það er mat Matvælastofnunar að áhrif laxalúsasmits á villta laxfiska séu að öllu jöfnu ekki mikil. Helst er hættu á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska af völdum laxalúsar þegar seiði ganga í sjó að vori, en verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Miðað við staðsetningar þeirra sjókvíaeldissvæða sem hér eru til umfjöllunar er hættu á lúsasmiti hverfandi.

Lúsalyf til böðunar dreifast og þynnast hratt við náttúrulegar aðstæður. Lúsalyf sem gefin eru með fóðri helmingast í takt við sjávarhita og niðurbrot fóðurs og úrgangs. Dýralæknar sem ávísa lyfjunum bera höfuðábyrgð á notkun þeirra og í notkunarleiðbeiningum framleiðenda er vel fjallað um umhverfisáhrif og hvernig best sé að haga notkun lyfjanna svo áhrif á umhverfi verði sem minnst. Hafrannsóknastofnun hefur aðalumsjón með rannsóknum á lífríki vatns og sjávar og hefur tvo fulltrúa í Fisksjúkdómanefnd sem er Matvælastofnun til ráðgjafar um aðgerðir gegn laxalús. Hafrannsóknastofnun er einnig umsagnaraðili um aðgerðir gegn laxalús í samræmi við reglugerð nr. 540/2020 og telur Matvælastofnun að þessi aðkoma tryggi að lyfjanotkun sé aðeins gerð á hentugum árstíma og að teknu tilliti til aðstæðna í sjó hverju sinni.

Athugasemd varðandi áhættumat vegna fiski- og laxalúsar varðar ekki ákvörðun um rekstrarleyfi vegna fiskeldis og verður ekki tekin frekari efnisleg afstaða til hennar hér.

Við afgreiðslu á umsókn Arctic Sea Farm vegna 4.000 tonn af laxi liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 106/2000, og hefur Matvælastofnun kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til matsins og álits Skipulagsstofnunar auk annarra gagna sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Fyrir liggur hvaða áhrif ákvörðunin um leyfisveitinguna hefur á náttúruna, enda er það tilgangur laga nr. 106/2000 og matsins sem unnið er skv. þeim lögum að upplýsa um áhrifin. Af þessum sökum telur stofnunin að ekki skorti vísindalega þekkingu um áhrif framkvæmdarinnar til að taka ákvörðun um útgáfu

leyfisins, né að nokkuð hafi komið fram sem hindri útgáfu þess eða bendi til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu alvarleg eða óafturkræf. Einnig hefur verið tekin afstaða til þessa álítaefnis við útgáfu áhættumats erfðablöndunar (dags. 3. mars 2022) en þar segir að markmið áhættumats sé að vernda líffræðilegan fjölbreytileika íslenskra laxastofna. Miðað sé við að þröskuldsgildi á strokulaxi í stofni hveir laxveiðiár sé undir þeim öryggismörkum sem metin eru örugg svo að fiskeldi geti vaxið á skynsamlegan hátt og í sátt við náttúru og samfélög þar sem uppbygging fiskeldis mun eiga sér stað. Þröskuldsgildi fyrir strokulaxa af eldisuppruna hafa verið sett við 4% í samræmi við mat NINA (Náttúrufræðistofnun) og IMR (Hafrannsóknastofnun) í Noregi um viðunandi mörk. Einnig eru hafðar til hliðsjónar niðurstöður úr líkani IMR um langtímaáhrif mismunandi þröskuldsgilda á laxastofna (ecogenetic model (IBSEM)). Þar er sú niðurstaða fengin að við 5-10% þröskuldsgildi strokufiska sýndu svipgerðar- og stofneinkenni (e. phenotypic and demographic characteristics) aðeins veikar breytingar á 50 árum og eingöngu við mun hærri þröskuldsgildi (30-50%) voru skýrar breytingar sýnilegar. Jafnframt kemur fram að þessi þröskuldsgildi verði endurskoðuð með tilliti til niðurstaðna vöktunaráætlunar eins og segir í áhættumati 2017. Tilgangur hinnar miklu sýnasófnunar og erfðagreininga nálægt eldisvæðum sé að afla gagna fyrir endurskoðun þröskuldsgilda. Með þessum viðmiðum telur Hafrannsóknastofnun að uppfyllt sé 1. mgr. 1. gr. laga um fiskeldi, nr. 71/2008 um að stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna og að í því skyni skuli leitast við að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

Í löggjöf verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Arnarfjörður.

Umsækjendur um leyfi skiluðu inn frummatskýrslu til Skipulagsstofnunar fyrir gildistöku breytinga á lögum um fiskeldi, sem gerð voru með lögum nr. 101/2019. Samkvæmt bráðabirgðarákvæði II laga um fiskeldi skal fara um slíkar umsóknir eftir eldir ákvæðum laganna. Málsmeðferð Matvælastofnunar er samkvæmt lögum, sem eru sett að undangengnu lýðræðislegu ferli. Ekki er vísað til hvaða grundvallareglum verið sé að fara gegn og því ómögulegt að taka efnislega afstöðu til þeirrar fullyrðingar. Einnig er óljóst af athugasemdinni með hvaða hætti farið er gegn jafnræðisreglum stjórnarskráar og því ekki unnt að svara henni með efnislegum hætti.

Hákon Þorri Magnússon, lögfræðingur fyrir hönd Náttúruverndarfélagssins Laxinn lifi sendi inn athugasemd þann 8. nóvember 2021

- Gerð er athugasemd varðandi að ekki verði séð að áhættumat erfðablöndunar, sbr., 2. tölul. 3. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, og burðarþolsmat, sbr. 3. tölul. 3. gr. sömu laga, sem vísað er til matsskýrslu leyfisumsóknaraðila, álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og í auglýsingu vegna tillögunnar, hafi sætt málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 105/2006. Í tveimur álitum Skipulagsstofnunar dags. 13. október 2021 er komist að þeirri niðurstöðu að annars vegar burðarþolsmat og hins vegar áhættumat erfðablöndunar séu áætlanir sem falli undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þar að auki er bent á umhverfismatsskýrslu atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Hafrannsóknarstofnunar um burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar.
- Gerð er athugasemd varðandi að umsókn um rekstrarleyfi hafi ekki fylgt auglýstri tillögu. Á grundvelli auglýsingarinnar og fylgigagna eru því ekki forsendur fyrir almenning til að taka afstöðu til og gera athugasemdir við hvort umsókn uppfyllir kröfur laga nr. 71/2008 og þá hvort tillagan samrýmist umsókninni. Gerðar er athugasemdir við þessa málsmeðferð og bent á að hún er að þessu leyti ekki í nægjanlega góðu samræmi við fyrirmæli 10. gr. a. laga nr. 71/2008 eins og þeim var breytt með breytingarlögum nr. 101/2019.

- Gerð er athugasemd varðandi vísun í auglýstri tillögu að rekstrarleyfið verði gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum. Jafnframt komi fram að rekstrarleyfishafa beri að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar. Þann 21. apríl 2021 féll téð reglugerð nr. 1254/2008 úr gildi og samhliða tók gildi reglugerð nr. 46/2021 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 um smitandi dýrasjúkdóma. Með tilkomu reglugerðarinnar öðluðust nokkrar gerðir Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnarinnar (ESB) sem eiga við um að Matvælastofnun fari með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt í samræmi við m.a. lög nr. 71/2008, um fiskeldi. Ljóst er þannig að við undirbúning tillögunnar hefur eigi verið gætt gildandi reglna um varnir gegn smitsjúkdómum í dýrum, sem eru um margt töluvert ítarlegri en reglur þær sem giltu áður.

Burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar hefur farið í umhverfismat framkvæmda og áætlana samkvæmt lögum nr. 111/2021 og var staðfest af matvælaráðherra, þann 3. mars 2022. Samkvæmt lögum nr. 71/2008 þá ber Matvælastofnun að fara eftir áhættumati erfðablöndunar og burðarþolsmati við afgreiðslu rekstrarleyfis til fiskeldis. Áhættumat erfðablöndunar er unnið af Hafrannsóknarstofnun og uppfært að lágmarki á þriggja ára fresti, næst árið 2023.

Það er ekki skilyrði fyrir útgáfu rekstrarleyfis að það sé í fullu samræmi við umsókn þess sama leyfis. Samkvæmt nefndri 10.gr. a laga um fiskeldi ber Matvælastofnun að auglýsa tillögur að rekstrarleyfi en ekki umsókn um rekstrarleyfi. Það er hlutverk Matvælastofnunar, sem framkvæmdaraðila stjórnáslu fiskeldislaga, að meta hvort að umsókn sé fullnægjandi og öll gögn séu til samræmis við skilyrði laga og reglna. Útgáfa rekstrarleyfa eru háð þeim skilyrðum sem um þau gilda og má þau finna í lögum um fiskeldi og samnefndri reglugerð.

Matvælastofnun hefur uppfært texta í rekstrarleyfi og vísar nú til reglugerðar nr. 462/2021 (sem innleiðir reglugerð ESB nr. 2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum.

5. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Arctic Sea Farm ehf. í Arnarfirði. Rekstrarleyfið heimilar 4.000 tonna hámarkslífmassa af laxi í Arnarfirði. Rekstrarleyfið nær til kynslóðaskipts sjókvíaldis í Arnarfirði á tveimur staðsetningum. Sjókvíaldissvæði B inniheldur eldissvæðið Lækjarbót og sjókvíaldissvæði C inniheldur eldissvæðið Hvestudalur.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaldisstöðvar er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Matvælastofnun afhendir útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar samhliða rekstrarleyfi. Rekstrarleyfið gildir til 21. mars 2038.

Selfossi, 21. mars 2022